

Ed.

341. Breytingartillögur

[63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBI, EKJ, JE, VS, EG).

1. 5. gr. orðist svo:

Heimilt er að taka lán til framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Hitaveita Sudurnesja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 150 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
8. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Við 6. gr. Í stað „350 000“ komi: 550 000.

3. Á eftir 7. gr. komi ný grein sem verður 8. gr. og orðist svo:

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

4. Við 8. gr., sem verður 9. gr. Í stað „3.–7. gr.“ komi: 3.–8. gr.

5. 15. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1988.

6. Við 22. gr. sem verður 23. gr. Greinin orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 10. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141 000 þús. kr. á árinu 1988, en lokagreiðsla komi árið 1989.

7. 23. gr. sem verður 24. gr. orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs til búfjárræktarstyrkja eigi nema hærri fjárhæð en 9 000 þús. kr. á árinu 1988.

8. 25. gr. falli niður.

9. Við bætist ný grein sem verður 26. gr. og orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.

10. Við 27. gr. sem verður 28. gr. Í stað „1 485 000“ komi: 1 585 000.

11. Við 30. gr., sem verður 31. gr., bætist ný málsgrein er orðist svo:

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

12. Við bætist ný grein sem verður 32. gr. og orðist svo:

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánessamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánessamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
13. Við 31. gr., sem verður 33. gr., bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 160 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á árinu 1987 og endurlána Rafmagnsveitum ríkisins.
14. Við bætist ný grein sem verður 34. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, er heimilt að semja við Hitaveitu Rangæinga, Hitaveitu Suðureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.